

Áveitan

2. tbl. 9. árgangur. Febrúar 2015

Fréttir af sameiningarmálum ungmennafélaganna

Aðalfundir ungmennafélaganna þriggja í Flóahreppi voru haldnir nú í janúar og á öllum fundunum sköpuðust góðar umræður um sameiningu ungmennafélaganna. Eftirfarandi tillaga var samþykkt á öllum fundunum þremur:

Aðalfundur (nafn félags og dagsetning) lýsir áhuga á að unnið verði áfram að stofnun nýs ungmennafélags í Flóahreppi á grunni þeirra gömlu og að stofnuð verði 6 manna nefnd sem vinni áfram að þessu verkefni.

Formenn félaganna funduðu sunnudaginn 25. janúar og skipulögðu framhaldið. Samkvæmt því skipulagi verður fyrsti fundur fullskipaðrar nefndar þriðju vikuna í febrúar og mun nefndin vinna að því á árinu að útbúa grunnskipulag og lög nýs félags sem verður svo að öllum líkindum stofnað næsta vetur. Í nefndinni verða tveir aðilar úr hverju gömlu félaganna en nefndin er ekki enn fullmönnuð þegar þetta er skrifað. Framundan er mjög spennandi og stefnumótandi starf fyrir samfélagið sem gaman verður að taka þátt í.

Stjórninnar



Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélagin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir
fanneyo@emax.is

Frá sveitarstjóra

Kæru íbúar

Undanfarnar vikur hafa einkennst af umhleyplingum í veðri sem reynt hafa á þolinmæði allra sem háðir eru samgöngum á svæðinu. Vegagerðin hefur yfirumsjón með mokstri á svæðinu og tekur á móti ábendingum frá sveitarstjóra. Ég vil þakka góðar ábendingar frá íbúum, sem allar eru gagnlegar og auðvelda yfirsýn og flýta fyrir aðgerðum þegar aðstæður eru mismunandi í víðfeðmu sveitarfélagi.

Nýr leikskólastjóri, Sigríður Birna Birgisdóttir hefur verði ráðin að leikskólanum Krakkaborg sem nú hefur opnað í nýju húsnæði. Opið hús verður í Krakkaborg, á degi leikskólans, 6. febrúar næstkomandi klukkan 14:00 – 16:00.

Starfsmenn skrifstofu vinna nú að undirbúningi ársuppgjörs ásamt endurskoðendum sveitarfélagsins. Launaseðlar ársins 2014 eru í vinnslu og verða sendir á vef RSK og til launþega á næstu dögum. Álagning fasteignagjalda er einnig í vinnslu og fyrsti gjalddagi þeirra 1. mars n.k. Ég vil að lokum vekja athygli ykkar á vef sjónvarpsstöðvarinnar N4 en hún hefur nú hafið vikulegar útsendingar á efni af Suðurlandi.

[https://www.facebook.com/video.php?](https://www.facebook.com/video.php?v=928633240480438&set=vb.207787725898330&type=2&theater)

[v=928633240480438&set=vb.207787725898330&type=2&theater](https://www.facebook.com/video.php?v=928633240480438&set=vb.207787725898330&type=2&theater)

Tengiliðir Flóahrepps eru Ragnar Sigurjónsson, Iðunn Yr Ásgeirsdóttir og Helga Sigurðadóttir. Ég hvet ykkur til þess að hafa samband við þau ef þið vitið af áhugaverðu efni í þáttinn.

Með bestu kveðju, sveitarstjóri Flóahrepps.

Fjör í Flóa 2015

Dagana 29. til 31. maí verður haldin í Flóahreppi sveitarhátíðin Fjör í Flóa.

Dagskrá hátíðarinnar er í mótun á vettvangi rekstrarstjórnar félagsheimilanna.

Þeir sem eru áhugasamir um að vera með viðburð, opið hús, sölubás, sýningar eða vilja koma á framfæri hugmyndum að dagskrárliðum eru beðnir um að setja sig í samband við Ingibjörgu Einarsdóttur, húsvörð Þingborgar fyrir 15. mars í síma 691-7082.

Rekstrarstjörn

Frá Samhygð

Aðalfundur 2014

Aðalfundur Umf. Samhygðar fór fram sunnudaginn 18. janúar í Félagslundi. Níu félagar mættu til fundarsins og tóku allir virkan þátt í fundarstörfum. Formaður fór yfir starfið á árinu 2014 sem byggðist að mestu upp á föstum árvissum viðburðum eins og skírdagsbingó, Flóahlaupi, Samhygðar- og Vökumóti, Haustballi ofl. Íþróttæfingar voru stundaðar í samstarfi við Vöku og Baldur á vettvangi Þjótandi og afreksíþróttafólk félagsins stóð sig vel en hæst bar þar ferð Kristins Þórs Kristinssonar á HM innanhúss í 800 m hlaupi og Evrópumeistaratitlar Marínar Laufeyjar Davíðsdóttur í back-hold og gouren. Hugrún gjaldkeri fór yfir ársreikning félagsins en fjárhagsstaða félagsins er góð.

Fundurinn samþykkti einróma tillögu um að vinna áfram að stofnun nýs ungmennafélags í Flóahreppi á grunni þeirra sem nú starfa. Eins samþykkti fundurinn tillögu um ný lög félagsins sem Jón M. Ívarsson samdi á grunni eldri laga félagsins sem voru að stofni til frá 1966. Stjórn félagsins og nefndir var endurkosnar lítið breyttar en núverandi stjórn skipa Stefán Geirsson formaður, Hugrún Geirsdóttir gjaldkeri, Margrét Valdimarsdóttir ritari, Anný Ingimarsdóttir og Jón Gunnþór Þorsteinsson meðstjórnendur. Félagsmálalabikar Samhygðar var afhentur Margréti Jónínu Stefánsdóttur fyrir óeigingjörn störf í þágu félagsins í áraraddir, sérstaklega við undirbúning og skipplagningu kaffihlaðborða á Flóahlaupi Samhygðar.

Flóahlaup 2015

37. Flóahlaupið fer fram þann 11. apríl í Félagslundi. Hlaupnir verða 3, 5 eða 10 km og er keppt í mörgum aldursflokkum fullorðinna. Núna er rétti tíminni til að fara að huga að þátttöku og trimma sig í form fyrir Flóahlaupið.

Frá Kvenfélagi Hraungerðishrepps:

Við í Kvenfélagi Hraungerðishrepps ætlum að hittast í herberginu okkar í Þingborg og eiga góðar samverustundir við fönður og spjall eftirfarandi daga: 11. febrúar, 4. mars, 25. mars og 15. apríl.

Hlökkum til að sjá ykkur sem flestar. Að öllu óbreyttu stefnum við að því að halda aðalfund kvenfélagsins fimmtudagskvöldið 12. mars kl.20:30. Nánar auglýst síðar.

Með bestu kveðju, stjórnin.

Úrslit af íþróttamótum

Aldursflokka- og unglíngamót HSK í frjálsum íþróttum fór fram í Kaplakrika laugardaginn 10. janúar síðastliðinn. Keppnislið Þjótanda átti nokkra keppendur á mótinu og hér er árangurinn þeirra:

Nafn	f. ár	Grein	Árangur	Sæti
Sæþór Atlason	'04	60m hlaup	10,19sek	6.
		Kúluvarp 2kg	7,32m	3.
		Langstökk	3,26m	6.
		Hástökk	0,95m	8.-9.
Einar Skeggjason	'04	800m hlaup	3:30,83mín	7.
		60m hlaup	10,52sek	8.
		Kúluvarp 2kg	6,26m	7.
Unnsteinn Reynisson	'03	Langstökk	3,10m	8.
		60m hlaup	10,37sek	9.
		Kúluvarp 3kg	6,40m	5.
Kolbrún Katla Jónsd.	'01	Langstökk	3,37m	8.
		Hástökk	1,05m	9.
		Kúluvarp 3kg	6,50m	8.
Stefán Narfi Bjarnason	'00	60m hlaup	8,39sek	2.
		Langstökk	4,10m	2.
		Kúluvarp	11,88m	1.
Þórarinn Guðni Helgas.	'00	60m hlaup	9,62sek	5.
		Langstökk	3,72m	4.
Sunna Skeggjadóttir	'99	Kúluvarp 3kg	8,48m	2.
		60m hlaup	9,26sek	4.
		Langstökk	3,98m	3.

Héraðsmót fullorðinna í frjálsum íþróttum fór fram í Kaplakrika dagana 19. og 26. janúar. Lið Þjótanda átti einn keppanda á mótinu og það var Stefán Narfi Bjarnason sem er 15 ára. Hann náði einn síns liðs að skila liði Þjótanda í 4. sæti heildarstigakeppinnar. Hér er árangur hans á mótinu:

Grein	árangur	sæti
60m hlaup	8,23sek	7.
Kúluvarp 7,26kg	8,52m	6.
Langstökk	4,40m	6.
Þristökk	10,41m	2.
200m hlaup	27,68sek	7.

Keppnislið Þjótanda átti einn keppanda sem tók þátt á **Stórmóti ÍR** í frjálsum íþróttum sem fór fram laugardaginn 31. janúar. Keppandinn var Unnsteinn Reynisson fæddur 2003. Árangur hans var eftirfarandi:

Grein	árangur	sæti
Kúluvarp 3kg	5,95m	14.
60m hlaup	10,37sek	23.
Langstökk	3,27m	27.
600m hlaup	2:28,1mín	19.

Uppskeruhátíð Hrossaræktarfélaganna

Uppskeruhátíð Hrossaræktarfélaga Flóahrepps og Hrossamessa verður haldin föstudagskvöldið 20. febrúar 2015 að Ferðapjónustunni Vatnsholti. Dagskrá hefst kl:20:30 með borðhaldi.

„Hrossamessa“ kræsingar af ýmsum réttum:

Hægeldað hrossafillet með sósu og meðlæti
Hrossabjúgu með jafningi, kartöflum og meðlæti
Hrossa Carpaccio
Saltað hrossakjöt

Kostar aðeins 3.490 kr pr mann. Pantanir í Hrossamessuna þurfa að berast fyrir kl.22:00 mánudaginn 16. febrúar 2015 hjá: Atli Geir 898-2256 eða mail: atligeir@hive.is eða Ágúst Ingi í síma 899-5494 eða á netfangið agustk@visir.is

Verðlaunaveiting félaganna, áætlað að hefjist um kl. 21:30.

Veitt verða verðlaun fyrir hæst dæmda stóðhest og hæst dæmdu hryssu Flóahrepps.

Gestur fundarins verður með fyrirlestur.

Takið kvöldið frá. Vonumst til að sjá sem flesta.

STJÓRNIR HROSSARÆKTARFÉLAGA FLÓAHREPPS.

Frá Villingaholtskirkju

Messa verður í Villingaholtskirkju, sunnudaginn 8. febrúar kl. 13.30. Minnst verður 200 ára afmælis Hins íslenska biblíufélags, sem er elsta félag á Íslandi. Prestur sr. Þorvaldur Karl Helgason.

Organisti Ingi Heiðmar Jónsson og kirkjukórinn sér um söng.

Minningarkort til styrkar Villingaholtskirkju eru hjá formanni sóknarnefndar, Sólveigu Þórðardóttur, Skúfslæk 2, s: 869 6534. Minningakortin eru ekki seld heldur eru frjáls framlög vel þegin.

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:

Opið hús hjá Kristínu á Hurðarbaki 12. febrúar

Kristín á Hurðarbaki býður okkur í opið hús hjá sér, fimmtudaginn 12. febrúar frá kl. 20.00. Við komum með meðlætið á kaffiborðið og hún sér um drykkina. Vonandi komast sem flestar til að eiga ánægjulega samverustund saman.

Frá formanni

Á formannafundi SSK sem haldinn var 8. nóvember var ákveðið að nýburagjafir á sjúkrahúsið yrðu hinar vinsælu kvenfélagshúfur og ef vill vettlingar með.

Uppskriftina að húfunni er að finna inn á heimasíðu KÍ, kvenfelag.is, en einnig á ég til uppskrift og get fjölfaldað fyrir þá sem vilja. Skila á húfun á rakarastofu Österby, en þar eru merkimiðar sem við festum við húfurnar, merkjum þær nafni okkar og kvenfélagi.

Ákveðið hefur verið að halda aftur basar eins og þann sem við kvenfélögin í Flóanum héldum s.l. haust og tókst svona ljómandi vel. Nú er því upplagt að fara að safna handavinnu ef einhver tími er afgangur til hannyrða eða föndurs og stefnum við að því að halda nokkur handavinnukvöld í vor.

Ráðgert er að aðalfundur kvenfélagsins verði fimmtudagskvöldið 12. mars, en það er þó ekki alveg öruggt, læt vita þegar þetta verður ljóst, en það fer eftir vaktaplani gjaldkera að einhverju leyti.

Hef tekið í notkun nýtt netfang fyrir allt er varðar kvenfélagsmál, en það er: kvfvillingaholtshrepps@gmail.com.

Ég hlakka til samstarfs við ykkur á árinu.

Sólveig Þórðardóttir

formaður Kvenfélags Villingaholtshrepps

BINGÓ BINGÓ BINGÓ!

Þriðjudaginn 24. febrúar munum við í 10. bekk í Flóaskóla halda bingó í Þjórsárveri kl. 20:00. Ástæða þess er að við ætlum í útskriftarferð í vor og munum við halda á vit ævintýrana í Skagafirði.

Bingóið er hluti af fjáröflun bekkjarins og allur stuðningur vel þegin.

Vonumst til að sjá sem flesta, kveðja 10. bekkur

Aðalfundur Sauðfjárræktarfélags Villingaholtshrepps

Aðalfundur félagsins verður haldinn í Þjórsárveri þriðjudagskvöldið 10. febrúar kl. 20:30. Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf auk þess sem veitt verða verðlaun fyrir árangur í sauðfjárræktinni á síðastliðnu ári. Kaffiveitingar í boði félagsins. Allt áhugafólk um sauðfjárrækt velkomið á fundinn.

Í bígerð er að fara í fræðslu- og skemmtiferð laugardaginn 21. febrúar nk. Nánar rætt á aðalfundinum.

Stjórnin

**Tvenn fermingarjakkaföt til sölu, lítið notuð.
Upplýsingar í síma 482-1058, Hilda**

Frá Hrossaræktarfélagi Hraungerðishrepps:

Aðalfundur

Aðalfundur félagsins verður haldinn í Þingborg mánudagskvöldið 9. febrúar kl. 20:30. Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf. Hvetjum félagsmenn til að mæta og einnig eru nýir félagar velkomnir.

Folaldasýning

Folaldasýning fyrir félagsmenn í Hrossaræktarfélagi Hraungerðishrepps verður haldin **sunnudaginn 1. mars í Sleipnishöllinni á Selfossi**. Eigendur folalda eru beðnir um að vera mættir **kl 13:00**, en sýningin hefst **kl 13:30**. Ágúst Ingi tekur við skráningu í síma 899-5494 eða 482-1032, eða netfangið: agustk@visir.is og þarf skráning að hafa borist í síðasta lagi á fimmtudagskvöldið 26. febrúar.

Þátttökugjald er 1500 kr á folald og greiðist á staðnum með reiðufé. Það sem koma þarf fram við skráningu er eftirfarandi: litur, nafn, faðir, móðir, eigandi og ræktandi.

Hest- og merfolöldum verður skipt upp í 2 flokka. Verðlaun fyrir 3 efstu sætin í hvorum flokki og folatollur fyrir efsta sætið.

Kaffiveitingar verða seldar á staðnum gegn vægu gjaldi. Vonumst til að sjá sem flesta.

Stjórnin

Glimufréttir

Góður árangur á Bikarglímu Íslands

Bikarglíma Íslands fór fram í Íþróttahúsi Kennaraháskólans laugardaginn 17. janúar. Mótið gildi jafnframt sem önnur umferð í mótariðð Glimusambandsins þennan veturinn. Ágætis þátttaka var í mótinu og átti Þjótandi fjóra keppendur þar á meðal sem náðu þeim glæsilega árangri að vinna til þriggja bikarmeistaratitla.

Konur -65 kg (3 keppendur, tvöföld umferð)

1. Guðrún Inga Helgadóttir 3,5 v. Bikarmeistari

Konur +65 kg. (4 keppendur)

2. Marín Laufey Davíðsdóttir 2 v.

4. Hanna Kristín Ólafsdóttir 0 v.

Konur opinn flokkur (5 keppendur)

1. Marín Laufey Davíðsdóttir 4 v. Bikarmeistari

4.-5. Guðrún Inga Helgadóttir 0,5 v.

4.-5. Hanna Kristín Ólafsdóttir 0,5 v.

Unglingar +80 kg (2 keppendur, tvöföld umferð)

1. Jón Gunnþór Þorsteinsson 2 v. Bikarmeistari

Karlar +90 kg (4 keppendur)

3. Jón Gunnþór Þorsteinsson 1 v.

Íslandsmótið í backhold

17. janúar fór einnig fram Íslandsmótið í backhold. Það var haldið í sal jóðódeildar Umf. Njarðvíkur í Reykjanesbæ. Sömu fjórir liðsmenn Þjótanda og glímu á bikarglímunni fyrir um daginn tóku þátt og stóðu sig með þryði. Í backhold er hafður sá háttur á til að sigur náist í viðureign að sigra þarf a.m.k. tvær lotur af þremur eða þrjár lotur af fimm ef um úrslitaviðureign er að ræða. Á bak við hvern og einn vinning geta því verið frá tveimur upp í fimm lotur.

Unglingar +80 kg (2 keppendur)

1. Jón Gunnþór Þorsteinsson 1 v. Íslandsmeistari

Konur -65 kg (2 keppendur)

2. Guðrún Inga Helgadóttir 0 v. (meiddist í fyrstu lotu og gat ekki haldið keppni áfram)

Konur +65 kg (4 keppendur)

1. Marín Laufey Davíðsdóttir 3 v. Íslandsmeistari

4. Hanna Kristín Ólafsdóttir 0 v.

Konur opinn flokkur (3 keppendur)

1. Marín Laufey Davíðsdóttir 2 v. Íslandsmeistari

Grunnskólámót HSK

Miðvikudaginn 4. febrúar fer fram grunnskólámót HSK í íþróttahúsinu á Hvolsvelli. Mótið hefst kl. 11:00 og eiga grunnskólar í Árnes- og Rangárvallasýslu keppnisrétt. Keppt er í aldursflokkum drengja og stúlkna frá 5. til 10. bekkjar.

Héraðsglíma HSK

Héraðsglíma HSK verður haldin fimmtudaginn 26. febrúar í íþróttahúsinu í Reykholti Biskupstungum. Mótið hefst kl. 17:00 og er keppt í aldursflokkum drengja og stúlkna 10 ára og yngri, 11 ára, 12 ára, 13 ára, 14 ára, 15 ára og 16 ára. Einnig er keppt í flokki unglingsdrengja 17-20 auk þess sem Skjaldarglímur Skarphéðins og Bergþóru í flokkum fullorðinna fara fram.

Önnur mót og viðburðir á dagskrá í vetur

14.-15. febrúar	Æfingabúðir úrvalshóps GLÍ og glímuping í Reykjavík
7. mars	Lokamót mótaráðar GLÍ í Reykjavík
11. mars	Aðalfundur glímuráðs HSK á Selfossi
11. apríl	Íslandsglíman og grunnskólámót Íslands á Reyðarfirði

Frá Umf. Baldri:

Árgjald Umf. Baldurs

Ágætu félagar. Minnt er á greiðslu félagsgjalda fyrir árið 2014. Allir félagsmenn 14 ára og eldri greiða árgjald kr. 1.000.- Ekki er innheimt árgjald af yngri félagsmönnum. Félagar eru beðnir um að greiða árgjaldið með millifærslu í heimabanka eða hafa samband við banka og biðja um millifærslu. Reikningur Umf. Baldurs er 0586-26-979 kt. 471077-0979. Tilgreina þarf nafn og kennitölu greiðanda. Nánari upplýsingar gefur gjaldkeri, Svanhvit Hermannsdóttir, s. 482-2911 eða senda tölvupóst heima@lambastadir.is

Þorablót Umf. Baldurs og Sandvíkurhrepps

Þorablót Umf. Baldurs og Sandvíkurhrepps er í Þingborg laugardagskvöldið 7. febrúar. Hljómsveitin Virus mun leika fyrir dansi að loknu borðhaldi og skemmtiatriðum. Þeir munu byrja að slá í taktinn ekki síðar en um miðnætti.

Pistillinn

Eftir tæplega aldarfjórðungs samfylgd langar mig til að þakka fyrir ánægjulegan og skemmtilegan tíma í Flóanum. Reyndar hef ég með einum eða öðrum hætti verið samskipa yfir fimmtíu ár þegar ég dvaldi stöku sinnum hjá frændfólki mínu á Stóru-Reykjum og tengdist síðan Villingaholtskirkju og Hraungerðiskirkju er ég var í starfsþjálfun hjá sr. Sigurði Sigurðarsyni fyrir þrjátíugsjö árum. Sóknarprestur hef ég verið í Hraungerðisprestakalli í tuttuguogfjögur ár. Þetta er töluvert langur tími þó mér finnist hann hafa liðið sem örskotsstund. Margs er að minnast og fyrir margt að þakka og ekki mögulegt að geta alls sem upp í hugann kemur.

Fyrstu endurminningarnar eru frá ferðum mínum með frænda mínum Jóni Gíslasyni frá Stóru-Reykjum um 1960 til 1963. Þá var ég sjö til tíu ára gamall. Ég minnst t.d. ferðar að gamla bæjarstæði Villingaholts og Villingaholtskirkju á holtinu við Flóaskóla og síðar ökuferða um sveitina þar sem hann hafði svo mikið að segja um hvert kennileyti að ég hefði gjarnan viljað eiga það allt á segulbandi. Hann var mjög fróður og virkur fræðimaður og eftir hann liggja m.a. bækurnar Úr farvegi aldanna, fjödi tímaritsgreina og fjölmörg útvarpserindi. Suðurland, einkum Flóinn, var oftast umfjöllunarefni hans.

Síðan minnst ég ferða minna um héraðið sumarið 1978 með sr. Sigurði Sigurðarsyni. Við messuðum í Hraungerðiskirkju og Villingaholtskirkju. Þá hitti ég mæta einstaklinga, sem settu svip á líf héraðsins, en eru nú horfnir til funda við forfeður sína. En þar hitti ég líka núlifandi fólk eins og t.d. Ólaf Sigurjónsson organista í Villingaholtskirkju, en við áttum afskaplega gott samstarf síðar er ég varð sóknarprestur. Svavar í Villingaholti helgaði sig nær eingöngu kirkjunni og kirkjugarðinum hin síðari ár. Hann vann mjög gott starf.

Frá Hraungerðiskirkju minnst ég sérstaklega endurbótanna í byrjun tíunda áratugarins og síðar átaksins nú nýlega við að koma innviðum hennar í upp-runalegt horf. Enn á eftir að minna rækilega á þær framkvæmdir, sem voru mjög merkilegar og framlag til verndunar merkrar sögu. Frá messum þar standa upp úr frjóar umræður í kirkjukaffi hjá góðum ábúendum Hraungerðis, Guðmundi og Guðrúnu, en þangað kom líka jafnan héraðshöfðinginn Stefán í Túni. Þeir feðgar voru hafsjór fróðleiks og speki og Guðrún einstaklega alúðleg og kærleiksrík manneskja.

Laugardælakirkja lætur ekki mikið yfir sér. Hún er þó merkari en margan

grunar. Þeir sem þangað koma og leggja rækt við sögu staðarins verða yfirleitt heillaðir af þeirri kirkju og venja síðan komu sína þangað. Nú hin síðari ár hefur kirkjan ásamt kirkjugarðinum ratað í fjölmiðla vegna hinsta hvílustaðar hins heimsfræga skákmeistara Bobby Fischers. Grafreitir hans hefur vakið meiri athygli en nokkur getur ímyndað sér og Laugardælakirkja hefur orðið að eins konar helgistað skákunnenda. Umfjöllun um samskipti skákunnenda og Laugardælakirkju væri efni í langa ritgerð. Þóarinn Sigurjónsson annaðist kirkjuna og umhverfi hennar sérlega vel.

Síðast en ekki síst minnst ég svo margra einstaklinga úr sóknum Flóans að öruggast er að hefja ekki slíka upptalningu hér. Hugsanlega minnst ég þeirra á þessum vettvangi síðar. Þó vil ég geta þess hér að á mínum ferli í Flóanum lifði enn fyrstu árin sú hefð, að einhverjir kæmu frá nokkrum bæjum til kirkju. Lengi hafði lifað sú hefð um landið að einhver kæmi frá hverjum bæ. Áður kom flest heimilisfólk en einn sat heima og gætti bús og barna. Tímarnir breytast.

Mjög margs annars væri hægt að minnast. Ég vil að lokum þakka öllum íbúum Flóahrepps fyrir mjög ánægjulega samfylgd. Í mínum huga ber engan skugga á hana, hugann fylla bara ljúfar og góðar endurminningar fyrr og síðar. Þó formlegri þjónustu minni sé lokið í Flóanum mun ég að sjálfsgöðu áfram rækja sambandið við svæðið og mannlíf þess. Lifði öll heil og Guði falin.

Ég skora á Jón í Villingaolti að skrifa næsta pistil.

Kristinn Ágúst Friðfinnsson

Folaldasýning

Folaldasýning fyrir félagsmenn Hrossaræktarfélags Villingaholtshrepps verður haldin sunnudaginn 15. feb. 2015 í reiðhöllinni á Þjórsárbakka kl.14.00. Þáttökugjald 2000 kr fyrir hvert folald. Skráning hjá Atla Geir S:8982256 atligeir@hive.is Skráningfrestur rennur út kl 22.00 13. feb. 2015. Koma verður fram nafn á folaldi, litur, móðir, faðir, ræktandi og eigandi. Þeir sem verða með folöld eru beðnir um að mæta eigi síðar en kl.13.30.

Veit verða verðlaun fyrir þrjú efstu sætin í flokki merfolalda og hestfolalda.

Vonumst til að sjá sem flesta.

KVEÐJA, STJÓRNIN.

Opnunarhátíð Krakkaborgar

Í tilefni af því að leikskólinn Krakkaborg hefur nú flutt í nýtt og endurbætt húsnæði í Þingborg er fjölskyldum nemenda, sveitungum og öðrum velunnurum leikskólans boðið á sérstaka opnunarhátíð föstudaginn 6. febrúar n.k. frá klukkan 14:00 – 16:00.

6. febrúar er merkisdagur í íslenskri leikskólasögu en þann dag árið 1950 stofnuðu frumkvöðlar leikskólakennara sín fyrstu samtök. Það er því vel við hæfi að fagna þessum tímamótum á svo góðum degi.

Þennan dag verður ný Skólanámskrá Krakkaborgar einnig gefin út og léttar veitingar verða á boðstólum. Verið hjartanlega velkomin
Starfsfólk Leikskólans Krakkaborgar

Dagskrá mánaðarins

Grunnskólamót HSK í glímu	4. febrúar
Glímuæfing eldri	5. febrúar
Opnunarhátíð Krakkaborgar	6. febrúar
Þorablót í Þingborg	7. febrúar
Hjónaball í Félagslundu	7. febrúar
Messa í Villingaholtaholtskirku	8. febrúar
Aðalfundur Hrossaræktarfélag. Hraungerðishr.	9. febrúar
Glímuæfing yngri	9. febrúar
Íþróttæfingar í Þingborg	10. febrúar
Aðalfundur Sauðfjarræktarfélag. Villingah.hr.	10. febrúar
Herbergiskvöld Kvenfélags Hraungerðishr.	11. febrúar
Glimuæfing eldri	12. febrúar
Opið hús Kvenfélag Villingaholtshrepps	12. febrúar
Folaldasýning Hrossar.deildar Villingah.hr.	15. febrúar
Glímuæfing yngri	16. febrúar
Íþróttæfingar í Þingborg	17. febrúar
Glímuæfing eldri	19. febrúar
Uppskeruhátíð hrossaræktarfélaganna	20. febrúar
Glímuæfing yngri	23. febrúar
Bingó í Þjórsárveru	24. febrúar
Íþróttæfingar í Þingborg	24. febrúar
Héraðsglíma HSK	26. febrúar
Folaldasýning Hrossar.fél. Hraungerðishr.	1. mars



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160